

Nr. 050 / 09 Nafnlaus skemmtibátur**Sekkur á Stakksfirði**

Skipaskr.nr. óskráður
Smíðaður: plast
Stærð: brl. bt.
Mesta lengd: 4 m Skráð lengd:
Breidd: Dýpt:
Vél: Yamaha utanborðsmótor 30kW
Fjöldi skipverja: 2



Ljósmynd © Víkurfréttir Bragi Bárðarson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. maí 2009 var skemmtibátur við lagningu fiskilínu á Stakksfirði skammt norður af Vogastapa. Veður: N 7 m/sek.

Bátsverjar voru báðir í skutrými bátsins við lagningu línunnar en það var að mestu gert á reki. Alda kom yfir skutgaflinn og nær fyllti skutrýmið en annar skipverjinn reyndi að hafa áhrif á stafnhallann með því að fara fram í bátinn. Næsta alda féll einnig inn og sökk þá báturinn niður á skutinn svo báðir bátsverjar lentu í sjónum.

Eftir að hafa verið í sjónum í skamman tíma tókst öðrum að hringja í Neyðarlínuna. Björgunarsveitir ásamt þyrilu LHG voru kallaðar út en björgunarbátur frá Björgunarsveitinni Suðurnes kom fyrst á slysstaðinn og bjargaði mönnum úr sjónum.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjar voru báðir í björgunarbúningum;
- að „Lofotenlína“ var aftarlega og fest á bakborðs borðstokk. Hún var vafin uppá handsnúna tromlu og línun beitt jafnóðum út af henni á lagningunni. Búið var að leggja á milli 200 og 300 metra;
- að í hirslu fram í bátinum voru neyðarblys sem skipverjar náðu ekki til. Annar bátsverjinn taldi að þeir hafi verið búnir að vera um tíu mínútur í sjónum þegar honum tókst að ná síma innan úr björgunarbúningnum.

Hann efaðist um að þeir hefðu getað synt til lands þar sem honum sýndist að þá ræki frá landi;

- að enginn afli var í bátnum heldur aðeins tromlan með línunni og tvær veiðistangir. Í skutrýminu var eldsneytistankurinn og utanborðsmótor á gaflinum en hann var notaður öðru hvoru á lögninni því skuturinn vildi leita upp í vindinn.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var að verið var á sjó á of litlum bát miðað við aðstæður.